

PFAFF®



expression™150

Leiðarvísir

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Þessi saumavél er hönnuð í samræmi við staðla IEC/EN 60335-2-28.

Rafmagnstenging

Rafmagnsspennan verður að vera sú sama og gefin er upp á kennisplaldinu.

Öryggisatriði

- Þessi saumavél er ekki ætluð til notkunar þeirra (börn þar með talin) sem eru líkamlega eða andlega skert eða með skerta skynjun, eða sem hafa ekki til þess kunnáttu eða reynslu, nema að þau hafi fengið leiðbeiningar og kennslu um notkun saumavélarinnar hjá aðila sem er ábyrgur fyrir öryggi þeirra.
- Hafa ætti eftirlit með börnum til að tryggja að þau leiki sér ekki að saumavélinni.
- Skiljið saumavélina aldrei eftir í sambandi við rafmagn.
- Takið saumavélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar hætt er að nota hana, og eins þegar verið er að hreinsa hana.
- Slökkvið ávallt á vélinni («0») þegar unnið er nálægt nálarsvæðinu, t.d. þegar verið er að þræða vélina, skipt er um nál, saumfót eða spólan sett í o.s.frv.
- Notið vélina aldrei ef rafmagnsleiðslurnar eða klærnar á þeim eru skemmdar.
- Gætið þess að fingur verði ekki fyrir hreyfanlegum hlutum vélarinnar, og aðgætið sérstaklega að fingur verði ekki fyrir nálinni þegar vélin er í gangi.
- Notið saumavélina eingöngu í þeim tilgangi sem lýst er í leiðarvísí vélarinnar og notið eingöngu fylgihluti sem mælt er með af framleiðanda vélarinnar.
- Takið vélina ávallt úr sambandi þegar skipta þarf um peru í henni. Notið ávallt samskonar gerð af peru og var í vélinni, (volt og wött)



Vinsamlegast athugið að ef þessu tæki verður fargað, þá verður að endurvinna það í samræmi við landslög sem gilda um förgun rafmagns/elektrónískra tækja. Ef þið eruð í vafa þá hafið samband við seljanda tækisins.

Innihald

Inngangur	4
Yfirlit yfir vél.....	4
Framhlið.....	4
Séð ofan frá.....	4
Bakki fyrir fylgihluti	5
Fylgihlutir.....	5
Saumfætur	6
Yfirlit yfir sauma	7
Nytjasaumar.....	7
Bútaaumsspor.....	8
Listsaumar	9
Skrautsaumar	9
Aukalegir saumfætur.....	9

Undirbúningur	10
Vélin tekin upp	10
Vélin tengd við rafmagn	10
Gengið frá að saum loknum	11
Fríarmurinn.....	11
Tvinnahnífur	11
Keflispinnar.....	11
Lárétt staða	11
Lóðrétt staða.....	12
Aukalegur keflispinni	12
Vélin þrædd	12
Þræðari fyrir nál	13
Þræðing á tvíburanál	13
Spólað á spóluna	14
Spólað af lárétta keflispinnanum	14
Spólað í gegn um nálina	14
Spólan sett í vélina	15
Efri flytjarinn (IDT™ = Integrated Dual Feed)	15
Nálar	16
Skipt um nál.....	17
Flytjarinn tekinn úr sambandi.....	17
Skipt um saumfót.....	17
Hnappar	18
Valmynd fyrir stillingar	20

Saumað	21
Sauma aðgerð – yfirlit.....	21
Saumur valinn	21
Stillingar á saumum.....	22
Speglun.....	23
Valkostir um heftingar	23
Ofurálag á aðalmótor (Mainmotor overload)	23


Saumataækni	24
Bútaaumur.....	24
Ístopp	24
Fríhendis staða.....	25
Hnappagöt	25
Töluáfesting	26
Aukalegir saumfætur	27

Umhirða og viðhald	30
Skipt um peru	30
Hreinsun á vél	30
Stingplatan sett á	31
Gangtruflanir	32

Eign á hugverki	35
-----------------------	----

Inngangur

Yfirlit yfir vél




Framhlið

1. Lok með myndum af saumum og mælistiku fyrir tölur
2. Þræðiraufar
3. Tvinnahnífur
4. Tengill fyrir "Sensormatic" hnappagatafót
5. Ljósaperur
6. Innbyggður þræðari fyrir nál
7. Nálstöng
8. Tvinnastýring
9. Stingplata
10. Lok yfir grípara
11. Friarmur
12. Saumfótur
13. Efri flytjarinn (IDT™)
14. Fótstöng og fóthalda
15. Festiskrúfa fyrir nál
16. Fótlyfta
17. Hnappar og skjár
18. Handhjól
19. Aðalrofi, tengingar fyrir rafmagn og fótstöðu
20. Renniloka til að taka flytjara úr sambandi

Séð ofan frá

21. Forspenna fyrir þræðingu og spólun
22. Stýringar fyrir spólun
23. Tvinnastýringar
24. Tvinnastýringar fyrir spólun
25. Tvinnahnífur fyrir spólutvinna
26. Þrýstistöng og spindill á spólara
27. Auk keflispinni
28. Skífur á keflispinna
29. Keflispinni
30. Tvinnaspenna
31. Þráðgjafi




Bakki fyrir fylgihluti

Í bakkanum fyrir fylgihlutina eru sérstök hólfi fyrir saumfætur og spólur og auk þess rými fyrir nálar og aðra fylgihluti. Geymið fylgihlutina í bakkanum þannig að þeir séu ávallt aðgengilegir.

32. Rými fyrir fylgihluti

33. Fjarlægjanlegur bakki fyrir saumfætur

34. Fjarlægjanlegur spóluhaldari



Fylgihlutir

35. Tvinnanet

36. Jaðarstýring

37. Filtskífur

38. Áhald til að skipta um peru

39. Skrúfjárn

40. Sprettihnífur

41. Bursti


42. Skífa fyrir tvinnakefli - stór

43. Skífa fyrir tvinnakefli - meðalstór

44. Skífa fyrir tvinnakefli - lítil

45. Alhliða verkfæri







46. Spólur



Fylgihlutir sem ekki eru sýndir á mynd

- Fótstöð
- Rafmagnssnúra
- Nálar

Saumfætur

	Venjulegur saumfótur 0A- einnig fyrir efri flytjara (er á vélinni þegar hún er afgreidd) Þessi fótur er aðallega notaður fyrir beina sauma og zik zak með sporlengd sem er lengri en 1.0 mm.
	Útsaumsfótur 1A og einnig fyrir efri flytjara Þessi fótur er aðallega notaður fyrir útsaumsspor. Raufin undir honum hentar vel til að renna yfir sporin.
	Útsaumsfótur 2A Hentar vel þegar verið er að sauma skrautspor, stutt zik zak spor og aðra nytjasauma með sporlengd minni en 1.0 mm. Raufin undir honum hentar vel til að renna yfir sporin.
	Blindsaumsfótur 3 einnig fyrir efri flytjara Þessi fótur er notaður við blindfalda. Táin á fætinum stýrir efninu. Rauða stýringin á fætinum er hönnuð til að láta faldbrúnina renna meðfram henni.
	Rennilásafótur 4 einnig fyrir efri flytjara Hægt er að smella þessum fæti á fóthölduna annaðhvort vinstra eða hægri megin við nálina, sem auðveldar ykkur að sauma þétt upp að tönnum rennilássins.
	"Sensomatic" hnappagatafótur 5A Þegar hann er tengdur við vélina, saumast hnappagatið í hentugri lengd fyrir töluna sem hefur verið stillt inn í vélina.
	Hnappagatafótur fyrir handgerð hnappagöt 5M Þessi hnappagatafótur er fyrir hnappagöt upp á gamla mátann. Notið merkin á fætinum til að staðsetja jaðarinn á flíkinni. Hakið aftan á fætinum er fyrir undirleggs-þráð fyrir hnappagöt þegar nota á hann.
	Fríhendis og ístoppsfótur Setjið pinnann á fætinum eins langt og hann kemst í gatið sem er aftan til á fóthöldunni. "C-lagaða" stýringin á að liggja upp að fótstönginni. Langi armurinn verður að liggja fyrir aftan nálahölduna. Herðið skrúfuna.

Áríðandi: Fullvissið ykkur um að efri flytjarinn sé ekki í sambandi þegar þið notið fætur 2A, 5A, 5M og fríhendis og ístoppsfótin.

Yfirlit yfir sauma

Nytjasaumar

Spor	Spor númer	Nafn	Lýsing
	1	Beint spor	Fyrir alla beina sauma og stungusauma. Hægt er að velja um 37 mismunandi stillingar fyrir nálina í fætinum. <i>Ath. Þessi saumur býr til sterkari heftingar en spor 37.</i>
	2	Teygjanlegt þriggja þrepa beint spor	Fyrir sauma sem mikið reynir á. Sporið teygist eins og efnið sjálft. Hentugt á skrefsauma og sauma á íþróttafatnað svo og fyrir jaðarstungur.
	3	Beint spor afturábak	Saumar stöðugt afturábak
	4	Þræðispor	Eitt spor fyrir þræðingar á efnum. Stígið á fótmótstöðuna og vélin saumar aðeins eitt spor. Færið efnið síðan eins langt og þið viljið og stígið síðan aftur á fótmótstöðuna til að sauma næsta spor.
	5	Zik zak spor	Til að kasta sauma, fyrir applikeringar blúndur o.fl.
	6	Zik zak spor	Applikeringar, kóssa o.fl.
	7	Teygjanlegt þrefalt zik zak	Til að sauma teygjur á íþrótta og sundfatnað - hentar einnig sem saumur á falda og stungusauma.
	8	Þriggja þrepa zik zak	Til að sauma teygjur á efni, setja í bætur og gera við rifur á teygjanlegum efnum.
	9	Teygjanlegur þriggja þrepa saumur	Til að sauma teygjur á efni, setja í bætur og gera við rifur.
	10	Króksaumur	Mjög sterkur og teygjanlegur fyrir teygjanleg efni. Einnig hægt að nota hann með teygjutvinna á spólunni.
	11	Fjaðrasaumur	Fallegur saumur á efni t.d. þar sem tveir jaðrar mætast, fyrir bútasaum o.fl.
	12	Teygjanlegt skrautspor	Tengispor fyrir undirfatnað, frotté, leður og þykkari efni.
	13	Króksaumur	Sterkur og teygjanlegur saumur sem hentar á falda á teygjanleg efni.
	14	Blindföldunarspor	Fyrir blindfalda á ofin efni.
	15	Teygjanlegt blindföldunarspor	Fyrir blindfalda á teygjanleg efni.
	16	Teygjanlegt "tricot" spor	Fyrir sauma á teygjanleg efni
	17	Lokað overlockspor	Til að sauma efni saman og ganga frá jöðrum í einum saum.
	18	Lokað overlockspor	Til að sauma efni saman og ganga frá jöðrum í einum saum. Sporið er með jaðarþræði.
	19	Teygjanlegt overlockspor	Til að sauma saman teygjanleg efni og ganga frá jöðrum í einum saum.
	20	Overlock	Saumar teygjanleg efni saman og gengur frá jöðrum í einum saum.

Spor	Spor númer	Nafn	Lýsing
	21	Lokað overlockspor	Til að sauma saman og ganga frá jöðrum í einum saum. Fyrir bætur og falda.
	22	Teygjanlegt overlock fyrir prjón	Saumar teygjanlegt prjón saman og gengur frá jaðrinum í einum saum.
	23	Faldsaumur	Saumar eftirlíkingu af jaðarfaldi fyrir teygjanleg efni.
	24	Lokaður overlock blindfaldur	Búa til skrautlegan overlock blindfald á teygjanleg efni.
	25	Skyrtuhnappagat	Hnappagat fyrir blússur, skyrtur og sængurver
	26	Venjulegt hnappagat	Venjulegt hnappagat fyrir blússur, skyrtur og jakka. Einnig fyrir koddaver.
	27	Ávalt hnappagat með hala	Hnappagat fyrir ýmsar flíkur
	28	Augahnappagat með hala	Klæðskerahnappagat eða skrauthnappagat
	29	Ávalt hnappagat	Hnappagat fyrir léttar flíkur og jakka
	30	Augahnappagat	Falleg spor fyrir augahnappagat
	31	Töluáfesting	Til að festa tölur og fyrir heftingar
	32	Kóssar	Aldamótakóssar
	33	Forritanlegt ístoppspor	Til að gera við göt og rifur í fatnaði
	34	Forritanlegt styrkt ístoppspor	Styrktur viðgerðarsaumur fyrir skemmd efni
	35	Hefting	Fyrir styrkingar á vasaopum, pilsklaufum o.fl.
	36	Krosshefting	Fyrir styrkingar á saumum, vösum o.fl.

Bútasaumsspor

																							
37*	38	39	40	41	42	43	44	45	46	47	48	49	50	51	52	53	54	55	56	57	58	59	60

																						
61	62	63	64	65	66	67	68	69	70	71	72											

* Þessi saumur er með fallegri heftingu en saumur 1.

Listsaumar

73	74	75	76	77	78	79	80	81	82	83	84	85	86	87	88	89	90	91	92	93	94	95	96

97	98	99	100

Skrautsaumar

101	102	103	104	105	106	107	108	109	110	111	112	113	114	115	116	117	118	119	120	121	122	123	124

125	126	127	128	129	130	131	132	133	134	135	136	137	138	139	140	141	142	143	144	145	146	147	148

149	150	151	152	153	154	155	156	157	158	159	160	161	162	163	164	165	166	167	168	169	170	171	172

173	174	175	176	177	178	179	180	181	182	183	184	185	186	187	188	189	190	191	192

Saumar með aukalegu saumfótunum

Spor	Spor númer	Nafn	Lýsing
	193	Perlubönd 4mm	Til að sauma perlubönd á fatnað o.s.frv. Þarf aukalegan saumfót en hann fylgir nú með þessari 150 ára PFAFF® expression™ afmælisvél.
	194	Perlubönd	Til að sauma perlubönd á fatnað o.s.frv. Þarf aukalegan saumfót en hann fylgir nú með þessari 150 ára PFAFF® expression™ afmælisvél.
	195	Hnútasaurmur eða "Candlewicking"	Er með útlit svipað handsaumum "frönskum hnútum". Þarf aukalegan fót fyrir "Candlewicking" og fyrir efri flytjara (Fótur nr. 820613-096).
	196	Hnútasaurmur eða "Candlewicking"	Er með útlit svipað handsaumum "frönskum hnútum". Þarf aukalegan fót fyrir "Candlewicking" og fyrir efri flytjara (Fótur nr. 820613-096).
	197	Þriggja snúru skrautsaurmur	Til að sauma snúrur eða garn á fatnað. Þarf aukalegan fót með þremur götum og fyrir efri flytjara. (Fótur nr.820920-096).
	198	Þriggja snúru saumur	Til að sauma snúrur eða garn á fatnað. Þarf aukalegan fót með þremur götum og fyrir efri flytjara. (Fótur nr. 820920-096).
	199	Jaðarsaurmur	Fyrir jaðarsauma t.d. á applíkingum. Þarf aukalegan fót með misháum sóla og fyrir efri flytjara. (Fótur nr. 820676-096).
	200	Jaðarsaurmur	Fyrir jaðarsauma t.d. á applíkingum. Þarf aukalegan fót með misháum sóla og fyrir efri flytjara. (Fótur nr. 820676-096).

Undirbúningur

Vélin tekin upp

1. Setjið kassann á stöðugan flöt. Lyftið vélinni úr kassanum, fjarlægið ytri pakkningar og takið lokið af vélinni.
2. Fjarlægið allar aðrar pakkningar og plastpoka.
3. Rennið hólfinu fyrir fylgihlutina af og fjarlægið plastið sem er í því.

Ath: Plast sem skilið er eftir í hólfinu á meðan saumað er getur haft áhrif á sauminn. Plastið er eingöngu pakkningarefni, sem á að fjarlægja.

Vélin tengd við rafmagn





Á meðal fylgihlutanna er rafmagnssnúran og fótómótstaðan.

Ath: Áður en þið tengið fótómótstöðuna við vélina fullvissið ykkur um að hún sé af gerðinni "FR5" (sjá neðan á fótómótstöðunni).

1. Takið snúruna fyrir fótómótstöðuna - snúið fótómótstöðunni við og tengið snúruna við tengilinn sem er á henni. Þrýstið þétt þannig að öruggt sé að snúran sé vel tengd. Leggið snúruna síðan í raufina sem er neðan á fótómótstöðunni.

Ath: Þessi tenging er eingöngu nauðsynleg í fyrsta sinn sem þið takið vélina í notkun.

2. Tengið snúruna frá fótómótstöðunni síðan við fremri tengilinn á neðanverðri hægri hlið vélarinnar (A).
3. Tengið rafmagnssnúruna í aftari tengilinn á neðanverðri hægri hlið vélarinnar (B) og hinn endann í vegg tengil.
4. Ýtið á ON/OFF rofann þannig að hann sé á ON og við það kviknar á vélinni og ljósi hennar (C).



Gengið frá að saum loknum


1. Slökkvið á aðalrofanum.
2. Takið rafmagnssnúruna úr vegg tenglinum og úr vélinni.
3. Takið fótmótstöðuna úr sambandi við vélina. Snúið snúrunni kring um mótstöðuna þannig að auðvelt sé að geyma hana.
4. Setjið alla fylgihluti í bakkann fyrir þá og rennið bakkanum á vélina utan um fríarminn.
5. Setjið fótmótstöðuna á auða svæðið fyrir ofan fríarminn.
6. Setjið lokið yfir vélina.

Fríarmurinn

Til að nota fríarminn rennið þið hólfunum fyrir fylgihlutina af vélinni. Það er smáhak sem heldur hólfinu við vélina. Rennið hólfinu til vinstri út frá fríarminum.


Tvinnahnífur

Til að nota tvinnahnífinn togið þið tvinnana fram á við eins og sýnt er hér á myndini (A).



Keflispinnar

Vélin er með tvo keflispinna, aðal keflispinnann og aukalegan keflispinna. Keflispinnarnir henta fyrir svo til allar tegundir tvinnakefla. Aðal keflispinnann er hægt að nota bæði í láréttri (tvinninn rekst ofan af keflinu) og lóðréttri stöðu (tvinnakeflið snýst). Notið láréttu stöðuna fyrir venjulegan tvinna en lóðréttu stöðuna fyrir stærri tvinnakefli eða sérstakan tvinna.




Lítill skífa

Lárétt staða

Setjið fyrst skífu á keflispinnann og síðan tvinnakeflið. Fullvissið ykkur um að tvinninn renni vel af keflinu og setið síðan hentuga stærð af skífu fyrir framan keflið.

Notið skífu sem er aðeins stærri en tvinnakeflið sjálft. Flati hluti skífunnar á að liggja þétt upp að tvinnakeflinu og ekkert bil á að vera á milli skífunnar og keflisins.




Stór skífa

Lóðrétt staða


Lyftið keflispinnanum í lóðréttu stöðu. Setjið stóra skífu á pinnann og síðan filtskífu undir tvinnakeflið. Hún er til þess að keflið snúist ekki of hratt. Setjið ekki skífu ofan á tvinnakeflið þegar þið notið tvinnakeflið í lóðréttri stöðu, því það gæti hindrað keflið í að snúast.

Aukalegur keflispinni

Þið notið aukalega keflispinnann þegar þið þurfið að spóla á spóluna eða þegar þið saumið með tvíburanál. Lyftið auka keflispinnanum upp og setjið stóra skífu á hann og einnig filtskífu undir tvinnakeflið..



Aðal keflispinninn í lóðréttri stöðu.





Auka og aðal keflispinninn í lóðréttri stöðu.

Vélin þrædd

Setjið saumfótinn í efri stöðu og gætið að því að nálin sé einnig í efstu stöðu.

1. Setjið tvinnakeflið á keflispinnann og setjið skífu af réttri stærð fyrir framan það.
2. Togið tvinnann í tvinnastýringu (A) framan frá og aftur á bak. Togið tvinnann hægra megin frá undir stýringuna fyrir spólarann (B) sem er á forspennunni (C).
3. Þræðið niður hægri raufina og síðan upp vinstri raufina.
4. Nú er tvinninn lagður hægra megin frá í þráðgjafann (D) og aftur niður vinstri raufina og að stýringunni fyrir nálina (E).
5. Þræðið síðan nálina framan frá.





Þræðari fyrir nál

Með þræðaranum fyrir nálina getið þið þrætt nálina. Við ráðleggjum ykkur einnig að setja saumfótinn niður og nálina í efstu stöðu.

1. Þrýstið handfanginu á þræðaranum niður á við og snúið honum í neðstu stöðu, þannig að krókurinn (G) fari í gegn um nálaraugað.
2. Setjið tvinnann síðan aftan frá í stýringuna (H) og síðan undir krókinn G) undir þræðaranum.
3. Látið þræðarann nú ganga hægt til baka og upp á við en við það togar hann tvinnann í gegn um nálaraugað. Dragið tvinnaendana í gegn um nálaraugað.



Ath: Þræðarinn er hannaður fyrir nálar í grófleikum 70-120. Ekki er hægt að nota þræðarann fyrir nálar í grófleika 60 eða finni, og ekki heldur fyrir tvíburanálar, þríburanálar eða húllsaumsnálar teg. Wing. Einnig eru nokkur fúanleg aukatæki þar sem ekki er hægt að nota hann.




Þræðing á tvíburanál

Setjið tvíburanál í nálarhölduna. Fullvissið ykkur um að saumfóturinn og nálín séu í efstu stöðu.

1. Setjið tvinnakeflið á keflispinnann og setjið skífu af hentugri stærð fyrir framan keflið. Lyftið auka keflispinnanum. Setjið stóra skífu, filtskífu og tvinnakefli á hann.
2. Togið tvinnana framan frá í stýringuna (A). Togið þá síðan hægra megin frá undir stýringuna fyrir spólarann (B) sem er undir forspennunni (C).
3. Þræðið niður hægri raufina, og síðan upp vinstri raufina. Gætið að því að tvinnarnir fari sitt hvoru megin við skífuna í miðri tvinnaspennunni (D).
4. Leggið síðan báða tvinnana hægra megin frá í þráðgjafann (E) og síðan aftur niður vinstri raufina. Gætið svo að því að annar tvinninn fari inn í stýringuna (F) en hinn sé fyrir utan hana. Gætið þess einnig að tvinnarnir snúist hvergi saman.
5. Þræðið síðan nálarar.







Spólað á spóluna

Spólað af lárétta keflispinnanum


1. Setjið tóma spólu á spólarann og gætið að því að PFAFF® merkið snúi upp. Notið aðeins "original" PFAFF® spólur sem eru fyrir þessa tegund af vél.
2. Setjið skífu og tvinnakefli á lárétta keflispinnann. Setjið hæfilega stóra skífu fyrir framan keflið og þrýstið henni þétt upp að því.
3. Leggið tvinnann framan frá og aftur á bak í stýringuna (A). Togið tvinnann síðan rangsælis í kring um tvinnastýringuna (B) fyrir spólarann og síðan í gegn um stýringarnar (C) aftan til á vélararminum.

Ath: Fullvissið ykkur um að tvinninn sé togaður inn í tvinnaspennuna til að spennan sé rétt.

4. Þræðið tvinnann innanfrá í gegn um efri rauфина eða gatið á spólunni (D).
5. Þrýstið spólara-arminum í áttina að spólunni til að byrja spólun. Sprettigluggi kemur á skáinn og lætur ykkur vita að vélin sé tilbúin til að spóla tvinnann. Haldið lauslega í tvinnnaendann og stígið á fótmótstöðuna til að byrja spólunina. Þegar spólan er orðin full fer armurinn á spólaranum til baka og spólun hættir sjálfkrafa. Sprettiglugginn lokast sjálfkrafa. Fjarlægið spóluna og klippið tvinnann með því að nota tvinnahnífinn (E).



Bobbin winding
active




Spólað í gegn um nálina

Fullvissið ykkur um að saumfóturinn og nálin séu í efstu stöðu. Spólið aðeins í gegn um nálina þegar þið eruð með saumfætur úr málmi á fóthöldunni. Leggið tvinnann undir saumfótinn, þaðan upp eftir vinstri þræðiraufinni og þaðan í gegn um þræðingarnar (C) fyrir spólarann. Farið síðan eftir þrepum 4 og 5 hér að ofan.

Spólan sett í vélina

1. Fjarlægjið lokið yfir gríparanum með því að renna því fram á við.
2. Setjið spóluna þannig í spóluhúsið að PFAFF® vörumerkið á spólunni snúi upp og að tvinninn renni frá vinstri af spólunni. Spólan snýst þá rangsælis þegar þið togið í tvinnann.
3. Styðjið aðeins ofan á spóluna þannig að hún snúist ekki þegar þið togið tvinnann ákveðið til hægri og síðan til vinstri í spennifjöðrina (A) þar til tvinninn "smellur" á sinn stað.
4. Haldið áfram að þræða í kring um (B) og síðan hægra megin við tvinnaklippuna (C). Setjið lokið aftur á sinn stað og togið tvinnann til vinstri til að klippa hann.

Ath: Hægt er að nota lokið yfir gríparanum sem stækkunargler.



Efri flytjarinn

(IDT™ = Integrated Dual Feed)

Til að sauma saman þykk og erfið efni hefur PFAFF® frábæra lausn. Það er innbyggði efri flytjarinn, en þegar hann er settur í samband, flytur vélin efnin bæði að ofan og neðan. Vélin klemmir efnin saman eins og í töng og þar með geta þau ekki misfærst. Þetta er einnig mjög gott að nota á þunn, hál, köflótt efni og silki. Í venjulegum vélum þar sem efnin eru eingöngu flutt að neðan, vill saumfóturinn halda aðeins við efra efnið og þess vegna rykkjast sum efni í slíkum vélum.


Efri flytjarinn settur í samband

Áríðandi: Þegar nota á efri flytjarann verður að nota saumfætur sem eru með rauf fyrir hann aftan á saumfætinum (D).

Lyftið saumfætinum og þrýstið síðan efri flytjaranum niður á við þar til hann smellur á sinn stað.

Efri flytjarinn tekinn úr sambandi

Lyftið saumfætinum, takið um efri flytjarann með tveimur fingrum þar sem hann er rifflaður – ýtið lauslega á hann niður á við og takið hann um leið úr rauf fótansins. Þá fer hann aftur í sína efri geymslustöðu.



Nálar

Nál saumavélarinnar leikur stórt hlutverk í saumaskap. Notið því aðeins gæðanálar. Við mælum með nálum tegund 130/705H. Nálar sem fylgja með vélinni frá verksmiðju eru af mest notuðu grófleikum og gerðum.

Alhliða nál (B)

Alhliða nálar eru fyrir öll ofin efni. Oddurinn á þessari gerð er hannaður þannig að hann ýti sér á milli þráðanna í efnunum, svo efnisþræðirnir skemmist ekki.

”Stretch” nálar fyrir teygjanleg efni (C)

Eru fyrir teygjanleg efni. Þær eru með afrúnnan odd og til að stinga ekki í þræðina sjálfa heldur að smjúga fram hjá þeim. Henta vel fyrir prjón, sundfatnað og flís. Þessar nálar eru merktar með gulu striki.

Útsaumsnálar (D)

Útsaumsnálar eru sérstaklega hannaðar fyrir útsaum með málmtvinna eða fyrir grófari útsaums-tvinna. Þær eru með lítinn afrúnnan odd og eru með stærra auga en venjulegar nálar. Þær eru merktar með rauðu striki.

Gallabuxnanálar (E)

”Denim” eða gallabuxnanálar eru sérhannaðar til að sauma þykk og þétt ofin efni. Þær eru óvenjulega oddhvassar þannig að þær eiga auðveldara með að fara í gegn um þessi þykku efni. Þær eru merktar með bláu striki.



”Wing” húllsaumsnálar (F)

Eru fyrir húllsauma í ofin efni úr náttúrulegum þráðum. Þær eru með ”vængi” til að ýta þráðum efnanna til hliðar og búa þannig til göt í efnið þar sem nálin fer í gegn.

Ath: Skiptið oft um nálar og notið alltaf beina nál með góðum oddi (G).


Skemmd nál (H) getur orsakað að vélin hlaupi yfir, tvinninn slitni o.fl. Skemmd nál getur einnig skemmt stingplötu vélarinnar og efnið sem verið er að sauma.

Notið ekki tvíburanálar sem eru ekki settar saman út frá miðju leggsins (I).




Skipt um nál

1. Notið gatið á alhliða áhaldinu til að halda nálinni.
2. Losið um festiskrúfu nálarinnar.
3. Fjarlægjið nálina úr nálahöldunni.
4. Setjið nýja nál í hölduna og notið alhliða áhaldið til þess. Ýtið nálinni eins langt upp og hún kemst og gætið að því að flati kantur nálarinnar verður að snúa aftur eða frá ykkur.
5. Herðið skrufuna vel þannig að nálin losni ekki.



Flytjarinn tekinn úr sambandi


Þið takið flytjarann úr sambandi með því að færa renni-lokuna framan á vélina til vinstri. Færið hana til hægri til að setja flytjarann aftur í samband.



Skipt um saumfót

Saumfóturinn tekinn af


Setjið saumfótinn í efstu stöðu og þrýstið lauslega á hann niður á við þannig að hann detti af höldunni.




Samfóturinn settur á

Aðgætið að pinnarnir á saumfætinum séu á móts við raufarnar á fóthöldunni. Þrýstið fætinum aðeins upp á við þar til hann smellur á fóthölduna.

Ath: Athugið hvort saumfóturinn er ekki örugglega rétt settur á með því að lyfta fótlyftunni.



Hnappar



Tvinnaspennan (1)

Ef nauðsyn krefur er hægt að stilla spennuna á yfirtvinnanum með því að snúa þessum snerli.

Nálin uppi / nálin niðri og gaumljós (2)

Ýtið á þennan hnapp til að færa nálina í efri eða neðri stöðu. Við það breytist stöðvunarstaða nálarinnar. Þegar "nálin niður" er valið kviknar á gaumljósinu, og vélin stöðvast alltaf með nálina niðri í efninu.

Hraðastilling (3)

Ýtið á takkann fyrir hraðann til að minnka hraðann um helming. Tákn á skjánum sýnir að vélin er nú stillt á hálfan hraða. Ýtið aftur á takkann til að vélin saumi á fullum hraða.

Afturábak (6) og gaumljós (4)

Ýtið á hnappinn áður en þið byrjið að sauma ef þið viljið að vélin saumi stöðugt afturábak. Þá kviknar á gaumljósinu (4) og það logar þar til ýtt er á hnappinn á ný.

Ef þið hafið ýtt á afturábak hnappinn meðan vélin er að sauma, saumar hún afturábak eins lengi og haldið er við hnappinn. Það logar á gaumljósinu eins lengi og haldið er við hnappinn.

Afturábak er einnig notað þegar verið er að sauma hnappagöt, forritaðar heftingar, ístoppspor eða þegar verið er að skipta á milli hluta af þeim saumum.

Forritaðar heftingar – gaumljós (5)

Það kviknar á gaumljósinu fyrir forritaðar heftingar til að gefa til kynna að einn valkostur í heftingunum hefur verið valinn. Það verður logandi á gaumljósinu þar til sá valkostur er ekki lengur í notkun.

Tafarlaus hefting (7)

Ýtið á heftingarhnappinn á meðan þið saumið og vélin saumar nokkur heftispor og stöðvast sjálfkrafa.

Skjárinn (8)

Á skjánum getið þið skoðað val ykkar og alla valkosti. Saumarnir eru sýndir í raunverulegri stærð.

Sporbreidd eða sporstaðsetning (9)

Aukið eða minnkið sporbreiddina með því að nota + og - hnappana.

Ýtið á valkostshnappinn (11) til að skoða staðsetningu sporsins fyrir valinn saum. Notið + og - hnappana til að breyta staðsetningu sporsins.

Sporlengd og sporþéttleiki (10)

Aukið eða minnkið sporlengdina með því að nota + og - hnappana.

Ýtið á valkostshnappinn (11) til að skoða sporþéttleik-ann á flatsaumssporunum. Notið + og - hnappana til að breyta þéttleikanum á viðkomandi saum.

Valkostir (11)

Þegar þið veljið skrautsaum, er breiddin og lengdin á honum sýnd á skjánum. Með því að ýta á valkosts-hnappinn verður sporstaðsetningin sýnd í stað spor-breiddarinnar og þéttleikinn er sýndur í staðinn fyrir sporlengdina.

Hjólið (12)

Notið þessa hnappa til að fara um skjáinn. Hjólið er með upp og niður örvarhnappa, hægri og vinstri örvarhnappa og miðjutáknið á hjólinu er svo staðfestingarhnappurinn OK.

Hjólið er notað í nokkrum aðgerðum, t.d. til að fletta á milli sauma, stilla stærð á hnappagati og fletta á milli valkosta í stillivalmynd. Staðfestið val ykkar með því að ýta á staðfestingarhnappinn OK.

Beint val (13)

Með því að ýta á einn eða sambland af 0 til 9 hnöppunum, getið þið valið þann saum sem er merktur því númeri á fljótlegan hátt.

F1 – Aðgerð 1 (14)

F1 hnappurinn er notaður til að stilla á "tapering" sauma, þ.e.a.s. sauma fyrir mjókkandi og breikkandi flatsauma. Hann er einnig notaður til að endurtaka hnappagöt og til að taka endurtekningu á ístopps-saumum úr sambandi.

Allt val verður sýnt á skjánum.

Valmynd fyrir stillingar (15)

Ýtið á þennan hnapp til að opna valmyndina fyrir stillingar.

Byrja á upphafi sauma (16)

Ef þið hafið stöðvað í miðjum saum, ýtið þá á þennan hnapp til að byrja frá byrjun á viðeigandi saum án þess að þurfa að breyta nokkrum öðrum stillingum.

Ef þið ýtið á þennan hnapp á meðan þið eruð að sauma, lýkur vélin við sauminn og vélin stöðvast síðan.

Hliðarspeglun (17)

Til að spegla sauma og saumaraðir til hliðar.

Valmynd fyrir stillingar

Í valmynd fyrir stillingar getið þið breytt sjálfgefnum stillingum og breytt stillingum vélarinnar, hljóð-merkjum og skjástillingum.

Opnið valmyndina með því að ýta á valmyndarhnapp-inn og veljið svo þá stillingu sem þið viljið breyta með því að nota upp og niður örvarhnappana á hjólinu. Notið vinstri og hægri örvarhnappana til að breyta gildunum og gera stillingar virkar eða opna lista yfir valkosti með því að ýta á OK. Fylltur gluggi þýðir að hann sé virkur, tómur gluggi að hann sé ekki virkur.

Ath: Ef ekki er hægt að sameina stillingu annarri stillingu sem valin var á undan, þá verða útlínur gluggans sýndar með strikum og bilum á milli.

Það geta verið tvö tákn sem eru sýnd við hliðina á sumum stillingum valkostunum.

 Þetta tákn sýnir ykkur að stillingin verður geymd þar til þið veljið annan saum.

 Þetta tákn sýnir ykkur að stillingin verður geymd þar til þið slökkvið á vélinni.

Ekkert tákn sýnir að stillingin verður geymd þar til þið afturkallið hana.

Ýtið aftur á hnappinn fyrir stillingar valmyndina til að fara út úr henni.

Tvíburanalar

Gerið tvíburanálakerfið virkt og notið vinstri og hægri örvarhnappana á hjólinu til að stilla inn millibilið á milli tvíburanálanna. Þegar búið er að velja beiddina á milli tvíburanálanna verður breidd allra sauma takmörkuð við þá nálarbreidd til að forða því að nálarnar brotni.

 Í saumaaðgerð verður ráðleggingartáknin fyrir tvíburanál sýnt.

Þessi stilling verður virk þar til þið afturkallið stillinguna fyrir tvíburanalar.

Ath: Öryggi fyrir tvíburanalar og öryggi fyrir sporbreidd er ekki hægt að nota saman.

Sprettigluggi kemur á skjáinn ef þið veljið saum sem er of breiður fyrir viðkomandi tvíburanál.

Öryggi fyrir sporbreidd

Veljið þessa aðgerð þegar þið notið stingplötu sem er eingöngu fyrir beinan saum eða saumfót sem er eingöngu fyrir beinan saum en með því læsið þið beina sporinu í miðstöðu og forðið um leið að nálin geti brotnað eða skemmt saumfótinn og stingplötuna.

 Í saumaaðgerð verður sporbreiddar öryggistáknin sýnt.

Þegar þið kveikið á vélinni og þessi aðgerð er virk fyrir allt val á saumum sem ekki eru eingöngu beinir saumar, kemur sprettigluggi um að vélin sé stillt á beint spor. Þið verðið þá að afvelja öryggið fyrir sporbreiddina til að fara yfir á venjulega sauma.

Settings	
Twin needle	3.0 
Stitch Width Safety	
Balance	0 
Language	English

Ath: Öryggi fyrir tvíburanalar og öryggi fyrir saumbreidd er ekki hægt að nota saman.

Jafnvægi í saumum

Þegar þið saumið sérstök eða erfið efni eða eruð að nota sérstaka saumataækni, getur verið nauðsynlegt að stilla jafnvægið í saumunum. Byrjið á því að sauma viðkomandi saum á afgangsbút af sama efni. Notið síðan vinstri eða hægri örvarhnappana til að stilla jafnvægið frá -7 og 7. Þegar þið saumið á ný er búið að breyta jafnvæginu.

Breytingarnar eiga eingöngu við viðkomandi valinn saum. Stillingin fer aftur á sjálfgefna stillingu þegar annar saumur er valinn.

Tungumál

Notið vinstri eða hægri örvarhnappana til að breyta um tungumál fyrir textana á vélinni.

Hljóðmerki

Þið getið slökkt á öllum hljóðmerkjum sem vélin gefur frá sér með því að velja á eða af (on eða off). Sjálfgefin stilling er að kveikt er á hljóðmerkjunum.

Birtuskil á skjá

Stillið birtuskilin á skjánum með því að nota vinstri og hægri örvarhnappana. Hægt er að stilla frá -20 og að 20 í þrepum sem eru 1.

Útgáfa af hugbúnaði

Athugið hvaða útgáfa af hugbúnaði er í ykkar vél.

Saumað

Sauma aðgerð er það fyrsta sem sést á skjánum eftir að kveikt er á vélinni. Valinn saumur er sýndur þar í raun- verulegri stærð á saumafletinum. Hér eru einnig allar grunnupplýsingar sem þið þurfið á að halda til að byrja að sauma. Þetta er einnig valmyndin þar sem þið getið breytt stillingum á saumum. Beint spor er sjálfgefið spor.

Sauma aðgerð – yfirlit

1. Númer á völdum saum
2. Saumaflötur
3. Sporbreidd / staðsetning spors
4. Sporlengd / þéttleiki
5. Valkostir fyrir heftingar
6. Ráðleggingar um nálar / stillingar



Stilla fyrir tvíburanál




Mælt með "Wing" húllsaumsnál



Stilla fyrir saumbreiddaröryggi

7. Ráðleggingar um saumfót
8. Undirleggsefni ráðlagt
9. Ráðleggingar um efri flytjara
10. Ráðleggingar um tvinnaspennu


Ath: Öll tákn eða valkostir eru ekki sýnd samtímis.



Saumur valinn

Með því að ýta á einhvern af beinvalshnöppunum veljið þið þann saum samstundis. Ýtið á tvö eða þrjú númer í snöggri röð til að velja sauma frá númer 10 og upp úr. Ef þið veljið númer á saum sem er ekki til, þá heyrðið þið hljóðmerki og vélin velur saum með fyrsta tölustafnum sem þið völduð.

Notið örvarhnappana upp og niður á hjólinu til að fletta á milli sauma.



Stillingar á saumum

Vélin stillir sig sjálf á hentugustu stillingar fyrir hvern valinn saum. Þið getið hinsvegar breytt þeim stillingum að eigin vild.

Stillingarnar eiga eingöngu við valinn saum og þær breytingar sem þið framkvæmið verða settar aftur á sjálfgefnar stillingar þegar þið veljið annan saum. Breyttar stillingar verða ekki vistaðar í vélinni ef þið slökkvið á henni.

Sporbreidd og sporlengd sjást við hliðina á teiknunum fyrir þær. Ef þið reynið að fara umfram lögstu eða hæstu stillingar, gefur vélin frá sér hljóðmerki.

Ath: Númerin eru auðkennd þegar stillingunum er breytt.

Sporbreidd (1)

Aukið eða minnkið sporbreiddina með því að nota + og - hnappana.

Sporlengd (2)

Aukið eða minnkið sporlengdina með því að nota + og - hnappana. Ef þið lengið zik zak spor eða skrautsaum, verður heildarsporið lengra. Ef þið lengið flatsaum þar sem hægt er að stilla þéttleikann, verður allur saumurinn lengri en þéttleikinn verður áfram sá sami.

Staðsetning spors (3)

Ýtið á valkosts hnappinn til að sjá hvar staðsetning sporsins er í staðinn fyrir sporbreiddina. Notið + og - hnappana til að færa sporið til vinstri eða hægri.

Ath: Þetta er eingöngu hægt að gera á sporum sem eru mjórri en 9 mm. Þið getið mjókkað sporbreiddina til að gera sporið mjórra ef þið viljið.

Sporþéttleiki (4)

Ýtið á valkostshnappinn til að sýna þéttleikann í staðinn fyrir sporlengdina á flatsaumum. Nú getið þið notað + og - hnappana fyrir sporlengdina til að breyta þéttleikanum. Sporþéttleikinn hefur ekki áhrif á raunverulega lengd heildarsaumsins.

Ath: Þetta er oft notað ef þið eruð að nota sérstakan tvinna og þegar minni þéttleiki kemur sér betur. Ef þið hafið valið hnappagat, þá er sjálfgefið að skjárinn sýni þéttleikastillinguna í staðinn fyrir stillinguna á sporlengdinni.


Tvinnaspenna

Til að ná sem fallegustu spori og góðri endingu verður að gæta þess að yfirtvinnaspennan sé rétt stillt þ.e.a.s. að hnýtingin á almennum saumum eigi sér stað mitt á milli efnanna.


Ef spólutvinninn sést á réttunni, þá er yfirtvinnaspennan of stíf. Minnkið spennuna.

Ef yfirtvinninn sést á röngunni þá er yfirtvinnaspennan of laus. Aukið við spennuna.


Þegar verið er að sauma skrautsauma og hnappagöt þá á yfirtvinninn að sjást örlítið á röngunni.



Notið ráðlagða tvinnaspennu sem gefin er upp á skjánum (5). Snúið númeraða snerlinum fyrir tvinnaspennuna til að stilla á viðkomandi spennu.




Ýtið á valkostshnappinn til að skoða staðsetningu sporsins og þéttleika



Speglun

Til að spegla mynstur hliðarspeglun ýtið þið á hnappinn fyrir hliðarspeglun.




Valkostir um heftingar

Valkostirnir yfir heftingar gefa m.a möguleika á að láta vélin hefta fyrir bæði í upphafi (A) og enda (B) sauma.

1. Ýtið á F1 hnappinn til að opna fyrir valmyndina yfir heftingarnar.
2. Notið hjólið til að fletta á milli valkostanna og ýtið á OK til að velja þá aðgerð sem þið viljið nota.
3. Að afloknu valinu lokið þið glugganum með því að ýta aftur á F1 hnappinn. Lítil tákn (D) verða nú sýnd á skjánum og gefa til kynna hvaða tegund heftinga eru valdar. Valið stendur áfram þar til það er afturkallað.

Ath: Fyrir tafarlausa heftingu getið þið notað heftingarhappinn sem er framan á vélinni.



Saumað með heftingar valkost valinn

1. Hefting í byrjun saums verður framkvæmd um leið og þið byrjið að sauma.
2. Ýtið á afturábak hnappinn til að gera heftinguna í enda saums (B) virka. Það kviknar ljós á forrituðu heftingaraðgerðinni. Vélin lýkur við sauminn og heftir fyrir.

Ath: Hættið að sauma og ýtið á afturábak hnappinn tvisvar sinnum til að gera afturábak saum virkan. Það kviknar á ljósinu fyrir afturábak. Engin hefting mun eiga sér stað.


Ýtið á afturábak hnappinn þegar þið saumið afturábak til að gera heftingu virka í lokin. Ljósinn fyrir afturábak og forrituðu heftinguna kvikna

Til að fara aftur á áfram saum, stöðvið þið aftur-ábak sauminn og ýtið á afturábak hnappinn. Engin ljós kvikna og engin hefting á sér stað.

3. Til að afvelja heftingar valkostina, notið þið hjólið til að fletta á milli valkostanna og ýtið á OK til að afvelja hvern fyrir sig.

Ofurálag á aðalmótor (Mainmotor overload)

Ef þið eruð að sauma á mjög gróft efni eða ef vélin gengur þungt af öðrum ástæðum, þá getur orðið ofurálag á aðalmótorinn og vélin hættir þá að ganga. Sprettiglugginn lokast og hverfur þegar álagið á hann minnkar.



Saumatækni

Bútasaurur

Bútasaurur eða “quilt” samanstendur yfirleitt úr þremur efnislögum, tveimur efnislögum og svo vattefni á milli þeirra.

Til að sauma þessi þrjú lög saman, býður vélin upp á mörg spor og tækni sem þið getið valið á milli.

”Crazy quilt” bútasaurur

Skreytið bútasaurinn ykkar með skrautlegum saumum. Saumana er hægt að sauma með samlitum eða gjörólíkum lit af tvinna miðað við efnið. Skrautlegar tvinnaegundir eins og rayon útsaumstvinni eða grófur baðmullartvinni eru stundum notaðir í þessu.


Handavinnu útlit á bútasaur

1. Þræðið öll þrjú efnislögin saman (efra efnið, vattið og neðra efnið).
2. Þræðið nálina með glærum tvinna (monofilament). Notið öðru vísi litaðan eða samlitana rayon eða baðmullartvinna á spóluna:
3. Setjið ráðlagðan saumfót á vélina, þann sem sýndur er í sauma ráðleggingunum.
4. Setjið efri flytjarann í samband.
5. Þegar þið saumið sauminn eigið þið aðeins að sjá spólutvinnann. Aukið við yfirtvinnaspennuna til að ná fram tilætluðum áhrifum.

Ístopp

Það getur bjargað flík að stoppa í lítið gat eða rifu á flík áður en gatið eða rifan verða stærri. Veljið fínan tvinna í eins líkum lit og flíkin er.


1. Setjið flíkina undir saumfóttinn og hafið undirlegg undir staðnum sem gera á við.
2. Veljið ístoppsspor.
3. Byrjið að sauma fyrir ofan gatið og saumið fram yfir það.
4. Þegar þið hafið saumað fram fyrir gatið, ýtið þið á afturábak hnappinn til að ákvarða lengdina á sporinu.
Saumavélin lýkur sjálfkrafa við ístoppssporið.
5. Það er sjálfgefið að vélin getur nú endurtekið þennan færing, haldið því áfram að sauma. Það er ljós á teikninu fyrir endurtekningu, sem gefur til kynna að endurtekningin er virk. Endurtekning er virk þar til annar saumur verður valinn.



Fríhendis staða


Pegar þið notið fríhendis/stoppfótinn, verður saumfóturinn að vera í fríhendisstöðu.

1. Takið efri og neðri flytjarana úr sambandi.
2. Setjið fríhendis/stoppfótinn á vélina og veljið saum.
3. Til að setja fótinn í fríhendis stöðu lyftið þið fótlyftinum upp á við og ýtið á rofann (A) neðan á fótlyftinum að ykkur þar til hann smellur á sinn stað. Sleppið fótlyftinum og þá verður hann kyrr í þessari fríhendis stöðu.
4. Saumið ávallt prufusaum á afgangsefni ásamt millilegginu eða undirleggsefninu sem nota á. Aukið tvinnaspennuna ef með þarf til að ná fram tilætluðum árangri.
5. Byrjið að sauma.
6. Til að taka fríhendis stöðuna úr sambandi, ýtið þið fótlyftinum aðeins upp á við og rofanum (A) um leið frá ykkur þar til hann smellur aftur á sinn stað.



Hnappagöt



Til að sauma hnappagöt, verður fyrst að setja réttan saumfót á vélina, og síðan veljið þið gerðina af hnappagatinu. Fullvissið ykkur um að efri flytjarinn sé ekki í sambandi. Til að ná sem bestum árangri borgar sig að sauma prufuhnappagat á efnisbút af því efni sem nota á og hafið undirlegg undir efninu. Áttin af þeim sporum sem vélin er að sauma er sýnd með ör við hliðina á hnappagatinu á skjánum.



”Sensormatic” hnappagöt

Pegar þið saumið hnappagat með ”sensormatic” hnappagatafætinum þá gætið þess að hafa skurðarlínu hnappagatsins aðeins stærri en talan er sem nota á.

1. Setjið ”sensormatic” hnappagatafótinn 5A á vélina.
2. Tengið leiðsluna frá honum í tengilinn (B) sem er neðan á vélararminum rétt hjá ljósinu.
3. Notið mælistikuna á lokinu til að mæla töluna og stillið skurðarlínuna fyrir hnappagatið með vinstri og hægri örvarhnöppunum á hjólinu.
4. Gætið þess að rauða örinn sé á móts við merkið á fætinum (C).
5. Byrjið að sauma með því að stíga á fótstötstöðuna.
6. Örvarnar á skjánum sýna þegar hver hlutur hnappagatsins fyrir sig er saumaður og í hvaða átt. Leggir hnappagatsins eru saumaðir í sömu átt.
7. Vélina lýkur sjálfkrafa við hnappagatið. Þið getið endurtekið hnappagatið eins oft og þið viljið með því einu að stíga á fótstötstöðuna.




Venjuleg hnappagöt

1. Til að sauma venjulegt "handvirk" hnappagat upp á gamla mátann, notið þið saumfót 5M.
2. Fyrsta legginn saumið þið afturábak. Saumið hann í þeirri lengd sem þið viljið hafa hnappagatið. Þessi hlutur verður sýndur á skjánum svo og áttin sem verið er að sauma í.
3. Ýtið á afturábak hnappinn. Saumavélin saumar nú heftinguna og seinni legginn. Þegar leggirnir eru orðnir jafnlangir, ýtið þið aftur á afturábak hnappinn til að sauma seinni heftinguna.

Ath: Táknið fyrir endurtekningu verður auðkennt sem sýnir að aðgerðin fyrir endurtekningu er virk. Þið getið nú endurtekið þetta hnappagat eins oft og þið viljið með því að stíga á fótmótstöðuna.

Vélin stöðvast sjálfkrafa þegar vélin hefur lokið við að sauma hnappagatið.



Ýtið á F1 hnappinn til að gera endurtekninguna óvirka.



Töluáfesting

1. Til að sauma tölur á flíkur eða annað, fjarlægjið þið saumfótinn og veljið sauminn fyrir töluáfestingu.
2. Takið flytjarann úr sambandi.
3. Setjið töluna undir fóthölduna. Notið speglunar aðgerðina til að fullvissa ykkur um að götin á tölunni séu í samræmi við sveiflu nálarinnar og að breiddin henti fyrir viðkomandi tölu. Ef nauðsyn krefur breytið þið beiddinni á milli gatanna með + og - hnöppunum.
4. Þið getið aukið við eða fækkað sporunum sem festa töluna um tvö í hvert sinn sem þið ýtið á vinstri eða hægri örvarhnappana á hjólinu.
5. Byrjið að sauma. Vélin saumar nú nokkur spor og heftir fyrir endann g stöðvast síðan.

Ath: Notið alhliða áhaldið til að búa til fót undir töluna. Þið getið einnig notað sérstakan tölu áfestifót sem fæst aukalega hjá PFAFF® umboðinu.



Aukalegir saumfætur


Með PFAFF® expression™ saumavélinni fylgja nokkrir aukalegir saumfætur í tilefni af 150 ára afmælisvélinni. Þessir aukalegu saumfætur eru:

Snúru og bandfótur

Þið getið náð fram fallettri áferð með því að nota snúru og bandfótinn og nota um leið innbyggðu skrautsaumana með því að sauma yfir snúrur, garn eða mjó bönd o.s.frv.

1. Til að sauma snúrur notið þið annað hvort samlitann, glæran eða skrautlitaðan útsaumstvinna.
2. Þræðið garnið, snúruna eða böndin framan frá í stýringarnar og togið síðan í gegn um götin að framan, síðan undir saumfótinn og leggið aftur undan fætinum.
3. Setjið efri flytjarann í samband.
4. Veljið saum, zik zak, blindföldunarspor eða skrautsaum. Saumið síðan eftir fyrirfram merktri línu eða línunum sem geta verið í boga.

RÁÐ: Prófið ykkur áfram með mismunandi gröft garn eða snúrur, blandið saman mismunandi litum o.s.frv.




7/9 gata snúrufótur

Með þessum sérstaka fæti er mjög auðvelt að ná fram alveg meiri háttar skreytingum. Með fætinum getið þið saumað allt upp í 9 mismunandi lengdir af útsaums flosþráðum, perlugarni, eða álíka snúrum og notað ýmiss konar sauma, skraut eða nytjasauma til að sauma þær á efni.

1. Klippið snúrurnar í þær lengdir sem þið viljið nota. Þræðið snúrurnar í gegn um götin á fætinum og leggið þær síðan undir saumfótinn og aftur undan honum. Látið snúrurnar ná ca. 4-5 cm aftur undan fætinum.
2. Setjið 7/9 gata fótinn á fóthölduna.
3. Veljið t.d. skrautsaum sem er nógu breiður til að ná yfir allar snúrurnar.

RÁÐ: Perlugarn eða snúið garn hentar mjög vel.




Perlufótur 4 mm

Fyrir þetta sérstaka útlit, getið þið skreytt flíkur með perluböndum eða svipuðum skrautböndum. Böndin renna auðveldara eftir raufinni undir fætinum og um leið náðið þið fram fallegum skreytingum.

1. Setjið perlufótinn á vélina.
2. Þræðið vélina með glærum tvinna í nálina en notið venjulegan tvinna á spóluna.
3. Veljið annaðhvort zik zak saum eða blindföldunarspor með eftirtöldum stillingum:
Zik zak spor: lengd 3,5 breidd 4,0
Blindföldunarspor: lengd 1,0, breidd 4,5
4. Lækkið aðeins á yfirtvinnaspennunni til að ná fram fallegri áferð.
5. Setjið undirlegg undir efnið og setjið hvorutveggja undir saumfótinn.
6. Leggið perlugarnið í raufina undir fætinum og lækkið fótinn.
7. Snúið handhjólinu til að byrja fyrstu sporin á varlegan hátt og setja perlubandið á réttan stað.
8. Saumið hægt.

Ath: Saumið fyrst á afgangsefni til að athuga hvort tvinnaspennan, sporengd og sporbreidd henti ekki örugglega fyrir viðkomandi perluband, og gerið breytingar ef þörf er.




Miðseymisfótur

Til að sauma tilbúið miðseymi á milli efna, eða þið búið sjálf til miðseymi úr mjórri snúru og saumið efnisrenning utan um hana.

Til að sauma tilbúið miðseymi:


1. Setjið miðseymisfótinn á vélina.
2. Setjið miðseymið á móts við hægri jaðarinn. Setjið efra efnið ofan á og látið réttu snúa á móti réttu.
3. Setjið efnin og miðseymið undir fótinn og gætið þess að miðseymið renni í raufinni undir fætinum. Saumið með beinu spori, 2,5mm á lengd. Raufin neðan á fætinum mun stýra miðseyminu Þegar þið saumið.



Til að búa til miðseymi úr efninu sem þið eruð að nota:

1. Klippið skáklippta eða þversum klippta renninga úr efninu sem þið eruð að sauma, og hafið þá nógu breiða til að þeir hylji snúrana sem þið ætlið að nota og einnig nógu breiðir fyrir saumfarið.
2. Leggið snúrana á rönguna á renningnum og vefjið renningnum utan um hana.
3. Setjið nú neðra efnið og renninginn undir fótinn og gætið þess að snúran og renningurinn utan um hana fari í raufina undir fætinum.
4. Saumið. Raufin á fætinum stýrir nú snúrunni og þið þurfið aðeins að stýra efninu og renningnum. Síðan saumið þið efra efnið við það fyrra.

RÁÐ: Þegar þið saumið miðseymi af þessu tagi í fatnað, stillið þið nálarstöðuna þannig að nálin stingi nálægt snúrunni.




Saumfótur fyrir skrautbönd

Skreytið fatnaðinn ykkar með als konar skrautböndum og renningum með því að nota þennan saumfót. Hann stýrir böndunum auðveldlega í gegn um opið framan á fætinum og eftir raufinni undir honum.

1. Þræðið vélina með venjulegum eða skrautlegum tvinna að ofan, en venjulegum tvinna á spólunni.
2. Veljið beint spor, zik zak spor eða skrautsaum. Varist þó sauma sem innihalda afturábak spor.

Ráð: Fyrir 6mm breið bönd getið þið einnig notað 6mm tvíburanál. Veljið beint spor og vélina saumar eftir jöðrum bandsins beggja megin.

3. Leggið bandið í saumfótinn eins og myndin sýnir.
4. Setjið saumfótinn á vélina.
5. Setjið efri flytjarann í samband.
6. Saumið varlega og ekki of hratt. (Þið gætuð þurft að setja undirlegg undir efnið).
7. Þið náðið bestum árangri með því að nota flöt bönd úr silki, flauel, satín eða baðmull.



Umhirða og viðhald


Skipt um peru

Í saumavélinni eru tvær perur. Önnur er staðsett í vélararminum fyrir ofan nálarsvæðið, en hin er fyrir ofan fríarminn. Þessar perur eru fánlegar hjá PFAFF® umboðinu. Skiptið um perurnar eins og lýst er hér að neðan.



Slökkvið á aðalrofanum.

- 1 Setjið peruskiptinn þannig að dýpri holan merkt OUT fari utan um peruna. EKKI snúa perunni, en togið aðeins í hana til að fjarlægja hana.
- 2 Þegar þið setjið nýja peru í vélina, setjið þið grynri holuna merkt IN utan um nýju peruna og þrýstið henni síðan á sinn stað.




Hreinsun á vél

Til að vélin vinni ávallt örugglega og rétt er nauðsynlegt að hreinsa hana oft. Það þarf EKKI að smyrja þessa vél.

Hreinsið vélina að utanverðu með mjúkum klút til að fjarlægja ryk, ló og önnur óhreinindi.

Strjúkið skjáinn einnig með mjúkum en aðeins rökum klút.



Hreinsað í kring um gríparasvæðið



Ath: Takið flytjarann úr sambandi og slökkvið á vélinni.

Fjarlægið saumfótinn og rennið lokinu yfir gríparanum af vélinni. Setjið skrufjárnið undir stingplötuna eins og sýnt er á myndinni, og snúið því varlega til að stingplatan smelli af vélinni. Hreinsið flytjarann með burstanum sem fylgir með vélinni.


Hreinsað undir spólusvæðinu

Hreinsið svæðið undir spólusvæðinu eftir að hafa saumað nokkur verkefni eða í hvert sinn sem þið takið eftir því að ló og óhreinindi hafi safnast fyrir á spólusvæðinu.

Fjarlægið hölduna fyrir spóluhúsið (A) sem liggur yfir fremri hlutanum á spóluhúsinu með því að lyfta henni upp. Fjarlægið spóluhúsið (B) með því að lyfta því upp. Hreinsið svæðið með burstanum.


Setjið spóluhúsið og hölduna fyrir það aftur á sína staði.

Ath: Blásið ekki lofti á spólusvæðið. Með því blásið þið bara ló og óhreinindum lengra inn í vélina.



Stingplatan sett á

Með flytjarann úr sambandi, staðsetjið þið stingplötuna þannig að bungan fari í raufina að aftan (C). Þrýstið niður á stingplötuna þar til hún smellur á sinn stað. Setjið lokið yfir spóluna.



Gangtruflanir

Í þessum kafla nefnum við nokkra þætti sem gætu verið orsök fyrir truflunum í gangi vélarinnar. Hafið einnig samband við PFAFF® þjónustuna til að fá frekari ráð áður en vélin er send til þeirra.

Vandamál / orsök

Lausn

Almenn vandamál	
Efnið færast ekki?	Fullvissið ykkur um að flytjarinn sé í sambandi..
Rangur saumur, óreglulegur og of mjór saumur?	Takið stillinguna fyrir tvíburanál eða öryggið fyrir saumbreidd úr sambandi í stilli-valmyndinni.
Nálin brotnar?	Setjið nálina rfétt í vélina eins og lýst er. Notið rétta nál fyrir viðkomandi efni.
Vélin saumar ekki ?	Athugið hvort allar snúrur séu rétt settar í vélina og í vegg tengil. Athugið hvort snúran fyrir fótmótstöðuna sé ekki örugglega rétt tengd við hana. Ýtið arminum á spólaranum til vinstri í sauma stöðu.
Saumahnapparnir svara ekki þegar þeir eru snertir ?	Aðgerðarhnapparnir á vélinni geta verið viðkvæmir fyrir stöðurafmagni. Ef hnapparnir svara ekki þegar þeir eru snertir, slökkvið þá á vélinni og kveikið á henni á ný. Ef vandamálið er áfram til staðar hafið þá samband við PFAFF® þjónustuna.

Vélin hleypur yfir

Er nálin rétt sett í vélina?	Setjið nálina rétt í vélina eins og lýst er.
Eruð þið með réttar nálar?	Notið eingöngu nálar af gerðinni 130/750 H.
Er nálin bogin eða oddlaus?	Setjið nýja nál í vélina.
Er vélin rétt þrædd?	Yfirfarið þræðinguna.
Er réttur saumfótur á vélinni?	Setjið réttan saumfót á vélina.
Er nálin of fín fyrir tvinnann?	Fullvissið ykkur um að nálin sé rétt fyrir grófleikann af tvinnanum.

Yfirtvinninn slitnar

Er nálin rétt sett í vélina?	Setjið nálina rétt í vélina eins og lýst er.
Er röng nálargerð í vélinni?	Notið eingöngu nálar af gerðinni 130/750 H.
Er nálin bogin eða oddlaus?	Setjið nýja nál í vélina
Er vélin rétt þrædd?	Yfirfarið þræðinguna.
Er nálin of fín fyrir tvinnann?	Skiptið um og notið nógu grófa nál fyrir tvinnann
Eruð þið að nota lélegan tvinna sem er hnökraður eða orðinn of þurr eftir langa geymslu?	Skiptið yfir á nýjan og hágæða tvinna. Góður tvinni er hluti af góðum saum.
Er rétt skífa á keflispinnanum?	Setjið skífu af réttri stærð á eða undir tvinnakeflið
Er rétt staða á keflispinna notuð?	Reynið aðra stöðu á keflispinnanum (lárétta eða lóðrétta)
Er gatið á stingplötunni skemmt?	Skiptið um stingplötuna

Undirtvinninn sitnar	
Er spólan rétt sett í vélina?	Athugið spóluna og spólutvinnann
Er gatið á stingplötunni skemmt?	Skiptið um stingplötu
Er spólusvæðið fullt af ló?	Hreinsið ló úr spólusvæðinu og notið eingöngu "original" PFAFF® spólur fyrir þessa vélartegund
Er rétt spólað á spóluna?	Spólið aftur á spóluna

Saumurinn er ójafn	
Er tvinnaspennan rétt?	Yfirfarið tvinnaspennuna og þræðinguna á vélinni.
Eruð þið að nota of grófan eða hnökraðan tvinna	Skiptið um tvinna
Er spólutvinninn jafnt spólaður á spóluna	Yfirfarið spólunina
Er rétt nál notuð	Setjið rétta nál í vélina eins og lýst er.

Vélin flytur efnið ekki eða óreglulega	
Er vélin rétt þrædd?	Yfirfarið þræðinguna
Er uppsöfnuð ló á milli tannanna á flytjaranum?	Fjarlægið stingplötuna og hreinsið flytjarann með burstanum.

Látið fara reglulega yfir vélina hjá PFAFF® þjónustunni!

Ef þið hafið farið eftir þessum leiðbeiningum um gangtruflanir og eigið enn við vandamál að glíma ráðleggjum við ykkur að fara með vélina til PFAFF® þjónustunnar. Ef þið eruð með eitthvað sérstakt vandamál, þá er alltaf mjög gott ef þið getið látið sýnishorn af vandamálinu á afgangsbút af efninu sem þið eruð að sauma fylgja með vélinni. Slíkt sýnishorn segir oft mörgum sinnum meira en fjöldi orða.

Notið eingöngu "original" PFAFF® hluti

Ábyrgðin á vélinni fellur niður ef notaðir eru utanaðkomandi hlutir eða fylgihlutir sem ekki eru frá PFAFF®.

Við áskiljum okkur rétt til að breyta vélinni og hlutum sem henni fylgja án fyrirvara, svo og að gera breytingar á vinnsluferli hennar og útliti.

Slíkar breytingar verða hins vegar eingöngu gerðar á þann veg að þær séu endurbætur og komi viðskiptavinum okkar og eiganda vélarinnar til góða.

Eign á hugverki

Einkaleyfi sem vernda þessa vél eru skráð á miða sem er staðsettur undir vélinni.

PFAFF, EXPRESSION, IDT eru vörumerki KSIN Luxembourg II, S.ar.l.



150th
anniversary 

www.pfaff.com